

fá þegar úr því skorið, hver verði afdrif þess. Með vísan til ofanritaðs og þrátt fyrir skort á endanlegri greiningu innihalds bréfa, nú merktra dskj. nr. 8 og 9, þykir dómara óhætt að telja yfirgnæfandi líklegt, að efni sé í báðum tilvikum cannabis, og vísar í því sambandi einnig til dskj. nr. 7. Samkvæmt framansögðu og með skírskotun til 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969, sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 77/1970, svo og með vísun til 44. gr. laga nr. 73/1973 þykir rétt í þágu rannsóknar máls þessa að ákveða, að opna skuli og kannað innihald bréfs með viðtökunúmeri 8870 frá Tollpóststofu, en í máli þessu merkt dskj. nr. 10.

Úrskurðarorð:

Opna skal og kanna efni og innihald bréfs, sem merkt er nr. 8870, en dskj. nr. 10 og stílað er á Inga Hansen, c/o Verzlunin Laugavegi 42.

Miðvikudaginn 19. desember 1973.

Nr. 51/1973: Vita- og hafnarmálastjóri, samgönguráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegnt

**Hochtief A.G. og Véltækni h/f
og gagnsök**

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og
Björn Sveinbjörnsson.**

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1973. Var aðalsök þingfest 2. apríl 1973, og fékk aðaláfrýjandi þá frest til fyrsta þingdags í júní s. á. Í áfrýjunarstefnu kveðst aðaláfrýjandi munu krefjast þess fyrir Hæstarétti, að allar kröfur hans fyrir héraðsdómi verði

teknar til greina og að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu af sinni hálfu með stefnu 4. apríl 1973. Var gagnsökin þingfest 1. júní 1973 og sam-einuð aðalsök, en málinu síðan frestað til 1. október 1973. Gagnáfrýjendur lýstu því í áfrýjunarstefnu sinni, að þeir mundu krefjast þess fyrir Hæstarétti, að allar kröfur þeirra fyrir héraðsdómi yrðu teknar til greina og að aðaláfrýjandi yrði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn 1. október 1973 var málinu frestað til fyrsta þingdags í desember s. á. Á dómþingi þann dag, 3. desember, óskaði umboðsmaður aðaláfrýjanda eftir fresti til fyrsta þingdags í febrúar 1974 til að ljúka ágripi dómsgerða og skila greinargerð. Umboðsmaður gagnáfrýjanda mótmælti beiðni þessari og krafðist frávísunar málsins frá Hæstarétti. Umboðsmenn aðilja hafa skilað greinargerðum um ágreinings-efnið.

Kröfur gagnáfrýjanda í þessum þætti málsins eru þær, að synjað verði um frekari frest í málinu og því vísað frá Hæstarétti. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda.

Af hálfu aðaláfrýjanda er ítrekuð krafa um frest til fyrsta þingdags í febrúar 1974 til að ljúka ágripsgerð og skila greinargerð. Þá er mótmælt kröfu gagnáfrýjanda um frávísun málsins frá Hæstarétti.

Lögmenn málsaðilja hafa gert grein fyrir vinnubrögðum, að ágripsgerð.

Lögmaður aðaláfrýjanda hefur eigi unnið að ágripsgerðinni, svo sem honum bar, og er það aðfinnsluvert. Á hitt ber að líta, að ráða má af þeim gögnum málsins, sem liggja fyrir Hæstarétti, að málið sé óvenju umfangsmikið og mörg skjöl á erlendum tungumálum. Má ljóst vera, að ágripsgerð sé bæði vandasöm og krefjist mikillar vinnu. Þegar atvik málsins eru virt í heild sinni, þykir rétt að fallast á kröfu aðaláfrýjanda um, að málinu verði frestað til fyrsta þingdags í febrúarmánuði 1974, sbr. 41. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt framansögðu verður eigi dæmt um málskostnað í þessum þætti málsins.

Alyktarorð:

Máli þessu er frestað til fyrsta þingdags í febrúarmánuði 1974.

Fimmtudaginn 20. desember 1973.

Nr. 57/7973: **H/f Raftækjaverksmiðjan**

(Knútur Bruun hdl.)

gegn

Innheimtumanni ríkissjóðs í Hafnarfirði

f. h. ríkissjóðs og gagnsök

(Skúli Pálsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Skattamál. Söluskattur. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 10. apríl 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Krefst hann þess að-allega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framkvæmd hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að lögtak verði aðeins leyft til tryggingar kr. 166.643.00 og að málskostnaður verði þá látinn niður falla. Til þrautavara krefst aðaláfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 13. apríl 1973. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fólgeta að framkvæma lögtak hjá aðaláfrýjanda til tryggingar söluskatti að fjárhæð kr. 219.995.00, vöxtum til 15. desember 1970, kr. 123.457.00, og